

Fundur íbúaráðs Miðborgar og Hlíða 27. október 2020. Ályktunartillaga íbúaráðs Miðborgar og Hlíða um reglur Bílastæðasjóðs vegna útgáfu íbúakorta:

Íbúaráð Miðborgar og Hlíða tekur undir erindi Íbúasamtaka Miðborgar til borgarfulltrúa og óskar eftir að umhverfis- og skipulagssvið leiti leiða til að gera reglur Bílastæðasjóðs varðandi útgáfu íbúakorta í miðborg Reykjavíkur bæði nútímalegri og sveigjanlegri til að mæta breyttum aðstæðum á tímum bíllaus lífstíls og deilibíla. Það er sanngirnismál að íbúar í miðborginni óháð því hvort þeir séu skráðir eigendur bifreiða geti átt þess kost að eignast íbúakort. Staðan virðist vera sú að umráðamenn t.d. deilibíla og bíla í rekstrarleigu hafi ekki kost á því að fá íbúakort. Þá telur íbúaráð Miðborgar og Hlíða viðeigandi að haft verði samráð við Íbúasamtök Miðborgar og íbúaráð Miðborgar við útfærslu á nútímalegri og sveigjanlegri reglum varðandi útgáfu íbúakorta í miðborg Reykjavíkur.